

Tillaga Garðabæjarlistans um framsetningu forgangsröðunar stefnumála meirihlutans
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins.

Greinargerð

Garðabæjarlistinn leggur áherslu á frekari samvinnu í bæjarstjórn. Einn liður í því er að leggja til að meirihlutinn leggi fram áætlun um forgangsröðun stefnumála sinna fyrir hvert starfsár kjörtímabilsins. Þannig má efla og treysta samstarf allra kjörinna fulltrúa en ekki síður gefa minnihluta meira svigrúm til þess að koma að þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru og um leið nýta þá þekkingu og sýn sem fylgir því að fá fleiri að málum hverju sinni.